

## REGLUR

um könnun og meðferð einstakra barnaverndarmála eða málaflokka hjá starfsmönnum félagsmálaráðs Grindavíkur

### I. Almennt

#### 1.gr.

Reglur þessar eru settar skv. 3. mgr. 14.gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

#### 2.gr.

Starfsmenn skóla- og félagsþjónustu Grindavíkur fara með einstök barnaverndarmál í umboði félagsmálaráðs Grindavíkur, undir stjórn félagsmálastjóra Grindavíkur.

Með starfsmönnum er átt við félagsmálastjóra, sálfræðing skóla- og félagsþjónustu, félagsráðgjafa skóla- og félagsþjónustu, þroskaþjálf skóla- og félagsþjónustu og sjálfstætt starfandi sérfræðinga er taka að sér verkefni fyrir nefndina.

Félagsmálastjóra er heimilt að fela utanaðkomandi sérfræðingum vinnslu mála eftir því sem rúmast innan fjárhagsáætlunar hverju sinni.

Félagsmálaráð skal starfa í samræmi við 12. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 og sinna verkefnum sem nefndinni eru falin í lögum um ættleiðingar nr. 130/1999, barnalögum nr. 76/2003, lögum um fæðingar- og foreldraorlof nr. 95/2000, lögum um fullnustu refsingar nr. 49/2005, lögum um almannatryggingar nr. 100/2007 og lögum um meðferð sakamála nr. 88/2008

### II. Um starfsmenn félagsmálaráðs

#### 3. gr.

Starfsmenn skóla- og félagsþjónustu kanna og fara með barnaverndarmál eða málaflokka í umboði nefndarinnar og í samræmi við reglur þessar sem settar eru í samræmi við ákvæði 14. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Þá getur nefndin að fengnu samþykki bæjarstjórnar falið starfsmönnum önnur verkefni á sviði barnaverndar.

#### 4. gr.

Starfsmenn skulu leggja mál fyrir nefndina í eftirtöldum tilvikum:

- a. þegar stuðningur felst í því að barn fari í varanlegt fóstur skv. 65. gr. barnaverndarlaga.
- b. þegar kveða þarf upp úrskurði eða taka ákvörðun um málshöfðun skv. 28. og 29. gr. svo og ákvörðun um að krefjast brottvikningar heimilismanns eða nálgunarbanns skv. 37. gr.

Starfsmenn geta að öðru leyti lagt mál fyrir ráðið telji þeir tilefni til. Mál skal ætíð lagt fyrir félagsmálaráð með skriflegri greinargerð.

#### 5. gr.

Starfsmenn félagsmálaráðs sem vinna að barnaverndarmálum skulu hafa lokið prófi í félagsráðgjöf, sálarfræði, uppeldisfræði (þroskaþjálfanám) eða sérhæfðu námi á sviði barnaverndar. Þá skulu starfsmenn hafa tilskilin réttindi til að starfa í viðkomandi fagi.

#### 6. gr.

Um vanhæfi starfsmanna til meðferðar einstakra mála gildi ákvæði II. kafla stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

#### 7. gr.

Starfsmönnum ber við störf sín að gæta fyllstu hlutlægni. Þeir mega ekki skýra óviðkomandi aðilum frá því er þeir verða vísari í starfa sínum um einkamál manna eða heimilisháttum. Ber þeim að vanda störf sín og gæta faglegra vinnubragða, eftir því sem best þykir á hverjum tíma. Starfsmenn skulu leitast við að eiga góða samvinnu við börn og foreldra/forsjáraðla og sýna þeim og öðrum er tengjast máli fyllstu nærgætni og virðingu, er þeir kunna og fara með mál.

#### 8. gr.

Starfsmönnum ber að skrá mál sem koma til meðferðar á kerfisbundinn hátt og varðveita öll gögn með tryggilegum hætti sbr. ákvæði 39. gr. og 42. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

### III. Málsmeðferð hjá starfsmönnum

#### 9. gr.

Starfsmenn skulu taka á móti tilkynningum skv. 16., 17., 18. og 3. mgr. 21. gr. barnaverndarlaga. Skulu þeir gæta þess að skrá nákvæmlega efni tilkynninga og annað er máli kann að skipta.

Starfsmenn skulu vekja athygli tilkynnanda á því að honum er heimilt að óska nafnleyndar gagnvart öðrum en nefndinni, sbr. þó 3. mgr. 19. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Tilkynningin skal berast félagsmálastjóra hið fyrsta til úrvinnslu.

#### 10. gr.

Ef vinda þarf bráðan bug að ráðstöfun sem heyrir undir félagsmálaráð getur formaður hennar eða starfsmaður í umboði hans, án undangenginnar málsmeðferðar skv. VIII. kafla, framkvæmt hana.

#### 11. gr.

Starfsmaður sem fær tilkynningu eða upplýsingar um að aðbúnaði barns sé ábótavant, þannig að líkamlegri eða andlegri heilsu þess eða þroska geti verið hættu búin vegna vanrækslu, vanhæfni eða framferðis foreldra/forsjáraðila, áreitni eða ofbeldis af hendi annarra eða eigin hegðunar barnsins skal taka ákvörðun um hvort ástæða sé til að hefja könnun á málinu að höfðu samráði við félagsmálastjóra. Ákvörðun um að hefja könnun skal ekki tekin nema rökstuddur grunur sé um að tilefni sé til og skal hún tekin innan sjö daga frá því að tilkynning barst sbr. 1. mgr. 21. gr. barnaverndarlaga 80/2002. Starfsmaður skal tilkynna foreldrum/forsjáraðilum bréflega að tilkynning hafi borist og um ákvörðun sína í tilefni af henni innan sama frests. Einungis er heimilt að fresta tilkynningu til foreldra vegna ríkra rannsóknarhagsmuna. Í þeim tilvikum þar sem tilkynningu til foreldra er frestað vegna ríkra rannsóknarhagsmuna skal starfsmaður gera tímasetta áætlun um þær aðgerðir sem skulu hafa farið fram áður en foreldrum er tilkynnt um framkomna tilkynningu. Frestur á tilkynningu samkvæmt framansögðu skal aldrei vera meiri en sjö dagar frá því að ákvörðun var tekin um að hefja könnun. Þegar tekin hefur verið ákvörðun um að hefja könnun máls skal starfsmaður þegar taka afstöðu til þess hvort þörf sé á að skipa barni talsmann, skv. 3. mgr. 46. gr. barnaverndarlaga.

#### 12. gr.

Leitast skal við að könnun fari fram í samráði og samvinnu við foreldra/forsjáraðila. Starfsmaður skal afla upplýsinga frá þeim, er um málið geta borið og frá þeim sérfræðingum sem við þykir eiga. Afla skal sem gleggstra upplýsinga um hagi barns, svo sem andlegt og líkamlegt ásíggkomulag, tengsl við foreldra eða aðra, hagi foreldra, aðbúnað barns á heimili, skólagöngu, hegðun og líðan þess. Könnun skal ekki vera umfangsmeiri en þörf krefur.

Ef grunur leikur á að alvarlegt refsivert brot hafi verið framið gagnvart barni skal að jafnaði óska lögreglurannsóknar. Leita skal samþykkis forsjáraðila sem hefur barn í sinni umsjá og haft samráð við barn eftir atvikum. Ef samþykki liggur ekki fyrir skal

Óska lögreglurannsóknar ef grunur leikur á að velferð, lífi eða heilsu barns eða annarra sé stefnt í verulega hættu.

Þegar mál hefur verið nægilega kannað skal starfsmaður taka saman greinargerð sem kynnt skal fyrir forsjáraðilum og barni eftir því sem við á. Í greinargerð skal lýst nðurstöðum könnunar, tiltekið hverra úrbóta sé þörf og settar fram tillögur að hæppilegum úrræðum ef því er að skipta.

#### 13. gr.

Leiði könnun í ljós að aðbúnaði barns sé áfátt eða barn stefni heilsu sinni eða þroska í hættu með hegðun sinni og þörf er á beitingu úrræða samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga, skal starfsmaður, í samvinnu við foreldra/forsjáraðila gera skriflega áætlun um meðferð máls. Hið sama á við um barn sem hefur náð 15 ára aldri. Áætluninni skal markaður ákveðinn tími og miða að því að bæta aðbúnað eða hegðun barns sem í hlut á. Í áætlun skal koma fram hvaða úrræðum og aðgerðum skal beitt í þeim tilgangi og í áætlun skal jafnframt koma fram hvað foreldrum/forsjáraðilum barns beri að gera í þessu skyni og hvaða aðstoð þau fá.

#### 14. gr.

Ef ekki tekst samvinna um gerð eða framkvæmd áætlunar um beitingu úrræða skal starfsmaður einhliða semja áætlun um framvindu máls, sbr. 24. gr. rgj. nr. 56//2004 um málsmeðferð fyrir barnaverndarnefnd.

Ef félagsmálaráð tekur við umsjá eða forsjá barns skal starfsmaður semja skriflega áætlun, sbr. 25. gr. rgj. nr. 56//2004 um málsmeðferð fyrir barnaverndarnefnd. Í áætlun skal tilgreina hvers konar vistun er fyrirhuguð og hversu lengi, markmið með vistun, stuðning við barnið og aðra, auk annars sem máli skiptir.

#### 15. gr.

Þegar samin hefur verið einhliða áætlun um beitingu þvingunarúrræða skal málið lagt fyrir félagsmálaráð til frekari meðferðar. Þá geta starfsmenn lagt mál fyrir félagsmálaráð telji þeir þörf á.

Leggi starfsmaður mál fyrir nefndina skal það gert með skriflegri greinargerð, þar sem fram koma ástæður fyrir íhlutun starfsmanns, atvik máls og annað er máli kann að skipta.

#### 16. gr.

Áður en mál er lagt fyrir félagsmálaráð skal starfsmaður tilkynna foreldrum/forsjáraðilum barns að málið verði lagt fyrir ráðið.

Félagsmálaráð skal með nægilegum fyrirvara láta aðilum máls í té öll gögn sem málið varðar og koma til álita við úrlausn þess, enda tryggi þeir trúnað. Í þeim

tílvikum sem mál er lögð fyrir ráðið til úrskurðar skulu gögn afhent eigi síðar en sjö dögum áður en nefndin tekur málið fyrir.

Nú krefst aðili máls afhendingu gagna en starfsmaður telur það geta skaðað hagsmuni barns og/eða samband þess við foreldra eða aðra, skal hann bera málið undir félagsmálaráð sem tekur málið til úrskurðar. Hið sama á við ef starfsmaður telur af sömu ástæðum rétt að kynna aðilum máls gögn án þess að þau eða ljósrit af þeim séu afhent.

Starfsmaður skal vekja athygli foreldra/forsjáraðila á rétti þeirra til að mæta á fund nefndarinnar og tjá sig þar munnlega eða skriflega áður en nefndin kveður upp úrskurð. Einnig ber starfsmanni að vekja athygli viðkomandi á rétti hans til lögmannsaðstoðar og mögulega fjárhagsaðstoð í því skyni sbr. 47.gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 og reglum Grindavíkurbæjar þar um.

#### 17. gr.

Starfsmaður sem fer með viðkomandi mál skal tilkynna bókanir, ákvarðanir og úrskurði félagsmálaráðs með ábyrgðarbréfi eða á annan jafntryggilegan hátt og skal vekja athygli aðila á rétti hans til að kæra úrskurð félagsmálaráðs til kærunefndar barnaverndarmála eða til að bera ákvarðanir nefndarinnar undir dóm þegar það á við og um málskotsfresti.

#### 18. gr.

Starfsmenn skulu vinna ársskýrslu um barnavernd. Ársskýrslan skal kynnt félagsmálaráði á fundi og send Barnaverndarstofu. Þá skulu starfsmenn vinna ársfjórðungsskýrslu fyrir ráðið þar sem m.a. fram kemur fjöldi tilkynninga, fjöldi mála og stöðu mála.

### IV. Umsagnir vegna forsjár- og umgengnismála.

#### 19. gr.

Starfsmenn félagsmálaráðs gera umsagnir að beiðni dómsmálaráðuneytis, dómara eða sýslumanns í forsjár- og umgengnismálum á grundvelli barnalaga nr. 76/2003.<sup>1</sup>

#### 20. gr.

Við gerð umsagna samkvæmt þessum kafla skal starfsmaður leitast við að upplýsa hvernig högum barns hefur verið háttað, aðstæður og möguleika foreldra/forsjáraðila

<sup>1</sup> Sýslumanni ber að gera barnaverndarnefnd grein fyrir því hvaða foreldrar og börn eiga í hlut og gera alltarlega grein fyrir málavöxtum og kröfum aðila. Þá er brýnt að sýslumaður geri rækilega grein fyrir hvaða atriði óskað er eftir að verði könnuð, m.a. hvort óskað er eftir því að rætt verði við börnin svo og hvort óskað er eftir tillögum um inntak umgengnisréttarins.

til að annast barn, tengsl foreldra/forsjáraðila og barns og annað er máli kann að skipta. Eftir því sem ástæða þykir til skal forsaga foreldra/forsjáraðila könnuð. Starfsmaður skal kanna viðhorf barns eftir því sem það hefur þroska til. Starfsmaður getur aflað álits annarra sérfræðinga á einhverju því er að ofan greinir.

21. gr.

Að gagnaöflun lokinni skal starfsmaður gera skriflega greinargerð, þar sem fram kemur framkvæmd könnunar og helstu niðurstöður. Aðilum skal gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við framkvæmd könnunar, greinargerð starfsmanns og önnur gögn málsins.

22. gr.

Starfsmaður skal á öllum stigum máls leita sátta með aðilum eftir því sem best þykir henta hag og þörfum barns. Þá skal málið unnið í náinni samvinnu við aðra barnaverndarnefnd ef því er til að dreifa.

## V. Aðrar umsagnir

23. gr.

Sé óskað umsagnar vegna ættleiðinga eða skv. ákvæðum barnaverndarlaga, svo sem um hæfi verðandi fósturforeldra eða um leyfi til að reka stofnun eða heimili fyrir börn, skal starfsmaður annast könnun málsins. Starfsmaður skal skrifa greinargerð sem lögð er fyrir félagsmálaráðs. Afhenda skal aðilum greinargerð og gefa þeim kost á að gera athugasemdir munnlega eða skriflega. Aðilum skal jafnframt boðið að mæta á fund nefndarinnar til að gera frekari grein fyrir aðstæðum sínum eða sjónarmiðum.

## VI. Gildistaka

24. gr.

Reglur þessar eru samþykktar í félagsmálaráði Grindavíkur hinn 9. febrúar 2010 og gilda um þau mál sem hafa verið til meðferðar hjá ráðinu frá því 28. ágúst 2006.

*Albena Gunnlaugsdóttir  
Sigríður Þ. Þóðardóttir  
Guðbjörg Eggvígólfr  
Hallgrímur Þorakirsdóttir*